

Ed.

71. Frumvarp til laga

[66. mál]

um breyting á lögum nr. 87 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Siðari mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu barnsföður (meðlagsskylds) við lægri aldur barns en á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum.

2. gr.

Aftan við lögin bætist ný gr., svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1972 skal greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið lægra aldursmark.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Greinargerð.

Í lögum um almannatryggingar, nr. 72/1971, sem samþykkt voru á síðasta þingi, er kveðið svo á í 14. gr., að barnalífeyrir lífeyristrygginganna skuli greiddur með börnum yngri en 17 ára, þ. e. aldursmarkið hækkað úr 16 í 17 ár. Í sömu lögum er og felld niður skylda yngra fólks en 17 ára til þess að greiða iðgjöld til lífeyristrygginganna.

Með þessu er raunverulega viðurkennd nauðsyn á stuðningi við börn fram yfir ómagaaldur, enda þykir það nú orðið eðlilegt og reyndar nauðsynlegt, að ungt fólk hafi möguleika til þess að búa sig undir framtíðarstörf langt umfram það, sem áður tíðkaðist. Nú er líka svo komið, að þorri ungs fólks stundar framhaldsnám, eftir að skyldunámi lýkur, og því mun óefað fjölga enn, eftir því sem á vinnst að jafna aðstöðu unglunga í dreifbýli og þéttbýli til framhaldsmenntunar, sem allir eru sam-mála um að stefna heri að.

Sú rýmkun á greiðslu barnalífeyris, sem nýju almannatryggingalögin ákveða, nær hins vegar ekki til barna, sem meðlög eru greidd með skv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi (endurkræfs barnalífeyris). Þau meðlög eru nær undantekningar-laust úrskurðuð til 16 ára aldurs barna, og þar við situr, unz annað verður ákveðið. Ógiftar mæður og fráskildar eru fjölmargar í hópi þeirra, sem við erfiðastar aðstæður búa í þjóðfélaginu. Ekki er sanngjarnt, að þær séu skör lægra settar um greiðslu lífeyris með börnum sínum en bótapegar lífeyristrygginganna.

Eðlilegt er, að samræmis gæti í greiðslu meðlaga og barnalífeyris almanna-trygginga, svo sem verið hefur. Í lögum er þegar kveðið svo á, að meðlög með óskil-getnum börnum megi aldrei úrskurða lægri en barnalífeyri skv. lögum um almanna-tryggingar. Með frv. þessu er lagt til, að einnig verði óheimilt að miða meðlags-skyldu barnsföður við lægra aldursmark barns en gildir um barnalífeyri almanna-trygginga á hverjum tíma, sem er nú 17 ár.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að hækkun meðlagsaldurs skuli, þegar frv. öðlast lagagildi, einnig koma til framkvæmda varðandi þau börn, sem þegar hefur verið úr-skurðað meðlag með, enda þótt meðlagsúrskurður kveði á um lægra aldursmark.